



Þjóðhagsspá 2019-2021

september 2019



Hvert fór kreppan?

Helstu niðurstöður Egðhagsspár



Hjól hagkerfisins snúast hægar næsta kastið. **0,1% samdráttur VLF** í ár en **1,3% vöxtur árið 2020 og 2,8% vöxtur árið 2021.**



Sveiflur í útflutningi skýra sveifluna að miklum hluta. **Útflutningur dregst saman um 6,0% í ár en vex um 1,1% árið 2020.**



Áfram verður afgangur af utanríkisviðskiptum. **3,5% af VLF** í ár en **2,4% af VLF árið 2020.**



Verðbólga skapleg á komandi misserum **3,1% á þessu ári en 2,6% árið 2020.**



Hægir tímabundið á vexti kaupmáttar launa. **1,8% í ár en 1,9% árið 2020.**



Atvinnuleysi eykst á komandi misserum. **3,6% í ár og 4,2% á árinu 2020.**



Uppsveiflan tekur enda ... í bili

Sviptingar í utanríkisviðskiptum marka þróunina á yfirstandandi ári


Myndarlegur hagvöxtur hefur einkennt undanfarin ár í íslensku efnahagslífi. Árin 2013–2018 var hagvöxtur hérlendis að jafnaði 4,5% ár hvert. Íslenska hagkerfið óx þannig ríflega tvöfalt hraðar en hagkerfi annarra OECD-ríkja að jafnaði á þessu tímabili. Hraður uppgangur ferðaþjónustunnar er ein meginþing þessa hraða vaxtar ásamt fleiri hagfelldum þáttum sem styrkt hafa stöðu heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Færðist vaxtarbroddurinn því frá útflutningi til innlestrar eftirspurnar eftir því sem leið á vaxtarskeiðið.

Tölur fyrir fyrri ársþelming 2019 bera skýrt með sér að hagkerfið er að kólna. Hagvöxtur mældist 0,9% á tímabilinu. Þjóðarútgjöld skruppu hins vegar saman um 2,4% á sama tíma en óvenjuhagstætt framlag utanríkisviðskipta vó á móti.


Útlit er fyrir 0,1% samdrátt VLF á árinu 2019. Raunar er nær lagi að segja að hagvöxtur verði við núllið þar framangreind tala er talsvert innan skekkjumarka frá núlli. Snarpur samdráttur í fjármunamyndun atvinnuvega og þjónustuútflutningi vegst þar á við vöxt neyslu og mikinn samdrátt innflutnings.

Á næsta ári gerum við ráð fyrir fremur hægum vexti, eða 1,3%, drifnum af hóflegum vexti innlestrar eftirspurnar. Meiri kraftur færirist svo í vöxtinn árið 2021 að mati okkar en þá spáum við 2,8% vexti eftir því sem meiri þróttur færirist í einkaneyslu og útflutning á nýjan leik.

Verg landsframleiðsla og framlag undirliða Magnbreyting frá fyrra ári (%)



Verg landsframleiðsla, þjóðarútgjöld og utanríkisviðskipti Magnbreyting frá fyrra ári (%)





Ferðamönnum fækkar umtalsvert í ár

Hversu langvinn verður dýfa helsta vaxtarmótors íslenska hagkerfisins undanfarin ár?


Viðsnúningur hefur orðið í ferðapjónustu eftir myndarlegan vöxt fram til ársins 2018. Á fyrstu átta mánuðum yfirstandandi árs fækkaði ferðamönnum sem sóttu Ísland heim um ríflega 13% frá sama tímabili í fyrra. Farþegum var þegar tekið að fækka á fyrsta fjórðungi ársins en eftir fall WOW air hefur samdrátturinn orðið talsvert skarpari.

Minnkandi framboð flugsæta til og frá landinu er lykilþáttur í þessari þróun. Til viðbótar við fall WOW hafa vandræði Icelandair vegna MAX-flugvéllanna reynst mun langvinnari en vonir stóðu til. Þá hafa ýmis erlend flugfélög tilkynnt um minnkandi framboð flugsæta í vetraráætlun sinni, þótt á móti hyggi einhver flugfélög á aukið framboð þegar fram í sækir.

Það mildar þó verulega höggið af fækkun farþega að hver erlendur ferðamaður virðist að jafnaði eyða talsvert meiru í heimsókn sinni en áður. Meðaldvalartími hefur lengst og kortaveltutölur benda til þess að kortavelta á hvern ferðamann hafi aukist umtalsvert í krónum talið.

Framboð flugsæta á komandi misserum mun ráða miklu um hversu fljótt ferðapjónustan réttir úr kútnum. Það eru þó ekki að okkar mati horfur á því að ferðamönnum fjölgi að ráði á komandi ári en í kjölfarið gerum við ráð fyrir að fjölgun þeirra verði í kringum 4% á ári. Er það í takti við áætlaðan vöxt greinarinnar á heimsvísu.

Þjónustuútflytningur og hagvísar úr ferðapjónustu % breyting milli ára



 **apríl-ágúst 2019:**
17,2% fækkun erlendra ferðamanna milli ára



Samdráttur utanríkisviðskipta í kortunum

Útlit fyrir hóflegan útflutningsvöxt á seinni hluta spátímans eftir samdrátt í ár

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var myndarlegur á fyrri helmingi ársins þrátt fyrir fækkun ferðamanna og loðnubrest. Nam afgangurinn ríflega 42 mö.kr. samanborið við 8 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Einskiptisliðir á borð við sölu flugvéla WOW og samdrátt í innflutningi þjónustu lyfjafyrirtækja skýra þennan mikla afgang að verulegum hluta.

Það er þó útlit fyrir að bæði innflutningur og útflutningur dragist töluvert saman í magni mælt á þessu ári. Á innflutningshlið stafa samdrátturinn bæði af minni innflutningi fjárfestingar- og neysluvara og einnig af minni útgjöldum vegna rekstrarleigu flugvéla og annars þjónustuinnflutnings.


Á útflutningshlið skreppur þjónustu-útflutningur saman um tæp 10% samkvæmt spá okkar, að mestu vegna fækkunar ferðamanna. Vöruútflutningur minnkar um 1,5%, m.a. vegna loðnubrests og framleiðsluhnökra í álveri Rio Tinto.

Horfur eru á að bæði útflutningur og innflutningur taki við sér að nýju á næsta ári. Batinn í útflutningi verður þó hægur það ár en nær sér enn frekar á strik árið 2021. Jafnari stigandi verður í innflutningsvexti á spátímanum eftir samdráttinn í ár.

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar verður því jákvætt í ár, talsvert neikvætt á næsta ári en nokkurn veginn hlutlaust árið 2021.


Innflutningur og framlag helstu undirliða

%



Útflutningur og framlag helstu undirliða

%





Viðskiptaafgangur út áratuginn?

Utanríkisviðskipti hafa reynst hagfelldari en útlit var fyrir


Uppsveiflan sem nú er að baki sker sig úr í nútímahagsögu Íslands fyrir þá sök að viðskiptaafgangur hefur verið viðvarandi þrátt fyrir myndarlegan hagvöxt og hátt raungengi undanfarin ár. Góðar líkur eru á að samspil þessara stærða verði áfram hagfelldara en raunin var fram á þennan áratug.

Horfur um viðskiptajöfnuð hafa batnað nokkuð frá júnispá okkar. Skýrist það meðal annars af fyrrnefndum samdrætti í þjónustuinflutningi auk þess sem viðskiptakjör hafa batnað og erlend staða styrkst.


Við spáum því að viðskiptaafgangur muni nema u.þ.b. 100 mö.kr., eða 3,5% af VLF, í ár en verða í kringum 2,5% af VLF árin 2020 og 2021.

Hrein erlend staða þjóðarbúsins mun því áfram verða jákvæð og jafnvel batna enn frekar en erlendar eignir umfram skuldir námu ríflega 1/5 af VLF í lok júní sl. Jákvæð erlend staða þjóðarbúsins stuðlar að hærra jafnvægisraungengi en ella væri þar sem fjármagnstekjur erlendis frá ættu að jafnaði að vera meiri en fjármagnsgjöld.

Viðskiptajöfnuður % af VLF*



Viðskiptajöfnuður og hagvöxtur





Fjárfesting skreppur talsvert saman á árinu 2019

Áfram kraftur í íbúðafjárfestingu en dregur úr honum þegar líður á


Fjárfestingarstigið í íslensku hagkerfi hefur stigið jafnt og þétt undanfarin fimm ár. Þessi þróun var framan af að miklu leyti knúin af verulegum vexti í atvinnuvegafjárfestingu. Nam fjárfesting ríflega 22% af VLF á árinu 2018, en þumalputtareglan fyrir þróuð hagkerfi er að vöxturinn sé a.m.k. fimmtungur af VLF.

Undanfarin tvö ár hefur vaxtarbroddurinn í fjárfestingu hins vegar færst yfir í íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Á síðasta ári jókst fjárfesting um tæp 4% frá árinu á undan þrátt fyrir samdrátt í fjárfestingu atvinnuvega þar sem myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar og fjárfestingar hins opinbera vó þyngra.


Við teljum að fjárfesting muni skreppa saman um 6-7% í ár. Ræður þar mestu verulegur samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega, ekki síst tengt minni fjárfestingu í farartækjum og hótelum. Á móti mun íbúðafjárfesting væntanlega vaxa umtalsvert í ár. Næstu tvö ár eru svo horfur á hóflegum vexti allra helstu flokka fjárfestingar og spáum við tæplega 6% vexti fjárfestingar árið 2020 og 4,5% vexti árið 2021.

Fjárfestingarstigið í hagkerfinu mun nema ríflega fimmtungi af landsframleiðslu öll ár spátímans og verður fjárfesting í heild því á ágætu róli í sögulegu ljósi þrátt fyrir samdrátt í atvinnuvegafjárfestingunni í ár.

Fjárfesting % af VLF



Fjárfesting, raunbreyting og framlag helstu undirliða %





Raunverð íbúða stendur í stað

Myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar lykilástæða


Raunverð íbúða og kaupmáttur launa eru tvær stærðir sem hafa fylgst vel að í gegnum tíðina. Árið 2017 hækkaði raunverð íbúða þó margfalt umfram aukningu kaupmáttar launa þar sem íbúðamarkaður litaðist um það leyti af framboðsskortri og mikilli eftirspurn.

Myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar er því kærkomin þróun og má sjá mun betra samræmi á milli raunverðs íbúða og kaupmáttar launa að undanfögnu. Íbúðafjárfesting óx um 16,2% á síðasta ári og er útlit fyrir vaxandi framboði nýrra íbúða á spátímabilinu. Við teljum að íbúðafjárfesting vaxi um 17,5% á þessu ári, 7,5% árið 2020 og 5% árið 2021.


Raunverð íbúða hækkaði um 5,2% árið 2018 frá árinu á undan. Við gerum ráð fyrir því að raunverð íbúða standi í stað á árinu og hækki svo einungis um 0,2% umfram almennt verðlag á næsta ári og 0,5% árið 2021.

Það sem styður þessa skoðun okkar er einna helst aukið framboð íbúða, hægari kaupmáttaraukning, aukið atvinnuleysi ásamt minni fólksfjölgun. Má segja að þessi þróun á íbúðamarkaðnum sé að mörgu leyti kærkomin; meiri ró er að færast yfir íbúðamarkaðinn eftir mikið ólútímabil síðustu ár.

Raunverð íbúða og kaupmáttur launa Breyting milli ára, %



Fjárfesting í íbúðarhúsnæði og raunverð íbúða Ma.kr. (v. ás) og vísitala (h. ás)





Hóflegri kaupmáttarvöxtur og væntingar lágar

... sem bendir til hægari vaxtar einkaneyslu á næstu misserum


Síðustu ár hefur einkaneysluvöxtur verið hraður og mældist ársvöxturinn mestur 9,8% á 2F 2017. Helstu ástæður þess eru að vöxtur kaupmáttar launa hefur verið mikill, atvinnuleysi lágt, fólksfjölgun umtalsverð og landsmenn almennt nokkuð bjartsýnir. Öfugt við síðustu uppsveiflu hafa skuldir heimila verið hóflegar og sparnaður umtalsverður.

Undanfarið hefur hægt á vexti einkaneyslu. Á 2F 2019 mældist vöxturinn 2,2% og er hann sá hægasti í fimm ár.

Þróun helstu hagvísu bendir til þess að hægja muni enn frekar á einkaneysluvextinum á næstu misserum. Þegar kortaveltutölur eru skoðaðar má sjá að heimilin eru þegar farin að halda að sér höndum. Enda hefur dregið úr vexti kaupmáttar launa, atvinnuleysi hefur aukist og væntingar heimila hafa dempast.

Miðað við þróun helstu hagvísu er því útlit fyrir að vöxtur einkaneyslu muni reynast lítil á komandi fjórðungum.

Einkaneysla og tengdir hagvísar % breyting milli ára (v. ás) og vísitala (h. ás)



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Capacent Gallup



Hægir á einkaneysluvextinum eftir mikið vaxtarskeið

Þróun einkaneyslu skiptir gríðarlega miklu máli fyrir hagvöxt


Vinumarkaðurinn hefur verið í mikilli þenslu undanfarin ár, dregið hefur jafnt og þétt úr atvinnuleysi og hækkun launa verið hröð. Þenslan á vinnumarkaði náði hámarki á árunum 2016-2018. Árið 2016 hækkaði launavísitalan um 11,4% og árið 2018 náði atvinnuleysi lágmarki í 2,7%.

Nú má segja að hjöðnun spennu á vinnumarkaði sé þegar hafin. Atvinnuleysi hefur verið að þökast upp á við m.a. vegna gjaldþrots flugfélagsins WOW air auk fleiri fyrirtækja og er útlit fyrir að það muni halda áfram að aukast á næstunni.


Þrátt fyrir að undirritun lífsskjarasamningsins hafi verið í heild sinni jákvæð er enn nokkur óvissa á vinnumarkaði þar sem enn á eftir að semja við opinbera starfsmenn. Við spáum að atvinnuleysi verði hæst á næsta ári í 4,2% og lækki í 3,7% árið 2021. Þá gerum við ráð fyrir að kaupmáttarvöxtur fari niður fyrir 2% á næsta ári en verði 2,4% árið 2021.

Þróun á einkaneyslu skiptir gríðarlegu miklu máli fyrir hagvöxt hérlendis. Síðustu ár hefur einkaneysla vegið þungt til hagvaxtar og skýrt um helming af landsframleiðslunni. Við teljum að hægari vöxtur einkaneyslu sé fram undan en jákvæð staða heimilanna er helsta ástæða þess að við teljum einhvern vöxt í kortunum yfir höfuð framan af spátímabilinu. Við spáum því að hann verði 2,0% á þessu ári, 1,7% á næsta ári og 2,8% árið 2021.

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli og launavísitala %



Kaupmáttur og einkaneysla % breyting milli ára





Útlit fyrir fremur hátt raungengi á spátímanum

Áframhaldandi þrýstingur á samkeppnishæfni útflutningsgreina


Gengi krónu lækkaði um 9% á seinni helmingi síðasta árs, samhliða því að horfur um þróun helstu útflutningsgreina dökknuðu. Hins vegar hefur gengi krónu haldist á tiltölulega þröngu bili það sem af er árinu 2019. Raungengi krónu er nú mun nær jafnvægi en það var árin 2017–2018. Raungengið er þó fremur hátt í samanburði við síðustu áratugi, sér í lagi á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar.

Við teljum að raungengið verði áfram hátt í sögulegu samhengi. Hrein eignastaða hagkerfisins er betri en hún hefur verið í sögu lýðveldisins. Um mitt árið 2019 námu erlendar eignir umfram skuldir ríflega 1/5 af VLF. Seðlabankinn hefur einnig úr myndarlegum gjaldeyrisforða að spila til að afstýra gengishruni vegna tímabundins fjármagnsflóttu. Þá eru ágætar líkur á áframhaldandi viðskiptaafgangi á næstunni.

Stoðir hagkerfisins eru í flestum skilningi traustar og horfur eru um ágætan vöxt til lengri tíma. Því ætti áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi að vera nægur til að vega upp það útfllæði sem verður vegna vilja lífeyrissjóðanna til að fjárfesta út fyrir landsteinana og ekki verður fjármagnað með viðskiptaafgangi.


Verulegar verðlags- og launahækkunir hér á landi umfram nágrannalönd myndu hins vegar auka þrýsting á nafngengið til lækkunar þar sem þær leiða til samsvarandi hækkunar á raungengi að öðru óbreyttu.

Gengisvísitala, gildi og flökt



Raungengi íslensku krónunnar

Vísitala





Verðbólgan á hraðri niðurleið?

Útlit fyrir að verðbólga verði við markmið Seðlabankans á spátímabilinu

Verðbólga er tekin að hjaðna á ný eftir tiltölulega skammvinnu verðbólguþróun síðastliðinn vetur. Í árslok 2018 mældist verðbólga 3,7% og hafði ekki mælst hærra í fimm ár. Það sem af er þessu ári hefur verðbólga verið 3,1% að meðaltali og mældist 3,2% í ágúst síðastliðnum.


Mikil breyting hefur orðið á samsetningu verðbólgunnar. Dregið hefur úr hækkunarþrýstingi frá íbúðaverði en á sama tíma skýra innfluttar vörur einna stærstan hluta verðbólguþrýstingsins sem má rekja til fyrrnefndrar veikingar krónunnar.

Við teljum að verðbólga hafi náð hámarki í bili og sé á niðurleið. Við spáum því að verðbólga mælist 2,4% í árslok 2019 og verði að jafnaði 2,6% árið 2020 og 2,8% árið 2021. Samkvæmt því verður verðbólguþrýstingur Seðlabankans í sjónmáli í lok þessa árs og áfram út spátímabilið.

Gangi spá okkar eftir mun það gera Seðlabankanum auðveldara að mýkja hagsveifluna með viðeigandi vaxtabreytingum. Stærstu óvissuþættir í spá okkar eru hugsanleg veiking krónu yfir vetrarmánuðina og launakröfur í kjarasamningum sem enn á eftir að ljúka. Á móti gæti þó þróun íbúðaverðs leitt til minni verðbólgu.


Verðbólga og verðbólguþrýstingur Seðlabankans

%



Verðbólga eftir uppruna

%





Lægri stýrivextir á leiðinni

Langtímavextir sögulega lágir út spátímann

Það sem af er árinu 2019 hafa stýrivextir Seðlabankans verið lækkaðir um 1 prósentu vegna lakari efnahagshorfa, batnandi verðbólguhorfa og hjaðnandi verðbólguvæntinga.


Meginvextir bankans, vextir á sjö daga innlánnum, eru nú 3,5%. Hafa stýrivextir ekki verið lægri frá því verðbólguþaki var tekið upp á vordögum árið 2001.

Við teljum að vextir eigi eftir að lækka frekar og gerum ráð fyrir a.m.k. einu lækkunarskrefi fyrir komandi áramót. Í kjölfarið spáum við að stýrivöxtum verði haldið í 3,25% út árið 2020 en taki að hækka að nýju á árinu 2021 samfara batnandi efnahagshorfum. Óvissan í þessari spá er fremur í þá átt að vextir gætu lækkað meira til skemmri tíma lítið.


Langtímanafnvextir eru nú u.þ.b. 3,6% og langtímaraunvextir 0,8%. Við gerum ráð fyrir að langtímanafnvextir muni verða lægri að meðaltali á næsta ári en þeir hafa að jafnaði verið það sem af er ári en bæði nafnvextir og raunvextir muni hækka lítillega á seinni hluta spátímans.

Spáum við því að langtímanafnvextir verði í kringum 4,2% og raunvextir nærri 1,2% undir lok spátímans. Langtímaverðbólguálag mun samkvæmt því verða í kringum 3,0% þegar kemur fram á árið 2021. Álagið er nú u.þ.b. 2,8% eftir umtalsverða lækkun frá áramótum.

Verðbólga og stýrivextir



Vextir





Víti til að varast

Nokkrir áhættuþættir



Eftirspurnarkreppa: Varkárni heimila og fyrirtækja undanfarið eykur viðnámsþrótt nú en allt er þó best í hófi. Við höfum efni á að herða beltið, bara hóflega!



Afturkiptur í útlöndum: OECD spáir minnsta hagvexti á heimsvísu í rúman áratug. Viðskiptastríð og hart Brexit vofa enn yfir alþjóðahagkerfinu.



Ferðapjónustan: Hversu langvinnur verður skellurinn vegna kyrrsetningar MAX-véla? Verður eitthvað úr meintum afkvæmum WOW air?



Íbúðamarkaður: Verður framboðið „of mikið of seint“?



Rörsýn í peningamálum: Það er ekki nóg að lækka stýrivexti ef umgjörð fjármálakerfisins að öðru leyti er á bremsufætinum.



Hvað mildar höggið?

Heimili, fyrirtæki og hið opinbera almennt í allgóðri stöðu í lok hagvaxtarskeiðs

Rétt er að halda því til hags að möguleikar heimila, fyrirtækja og hins opinbera til að stíga efnahagsölduna eru allt aðrir og meiri en oftast hefur verið við fyrri ágjafir í efnahagslífi Íslands.

Veruleg afskuldun heimila og fyrirtækja á árunum 2010–2016 hefur aukið fjárhagslegan viðnámsþrótt þessara aðila og minnkar líkur á vanskilum og gjaldþrotum þótt blási tímabundið á móti.


Þá hefur hið opinbera verulega burði til þess að veða gegn samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega með innspýtingu í innviðafjárfestingu í ljósi sterkari skuldastöðu og aðgangs að fjármögnun á óvenju góðum kjörum í sögulegu tilliti.

Síðast en ekki síst felur jákvæð hrein erlend eignastaða Íslands og hófleg erlend skuldsetning í sér að hætta á fjármagnsflotta með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á gengi krónu, verðbólgu og kaupmátt er miklu minni en verið hefur síðustu áratugina.

Myndarlegur gjaldeyrisforði, hófleg verðbólguáhrif af gengislækkun krónu á árinu 2018 og tiltölulega skynsamleg lending kjarasamninga síðastliðið vor hafa líka orðið til þess að svigrúm Seðlabankans til að slaka á peningalegu aðhaldi er allt annað og betra en verið hefur við lok fyrri hagsveiflna.


Skuldir heimila

% af VLF




Skuldir fyrirtækja

% af VLF




Erlend staða þjóðarbúsins

% af VLF



Skuldir ríkissjóðs

% af VLF





Yfirlit þjóðhagsspár

Landsframleiðsla og undirliðir

Magnbreytingar frá fyrra ári %	Árið 2018		Spá	Spá	Spá
	í m.kr.	2018	2019	2020	2021
Einkaneysla	1.421.835	4,7	2,0	1,7	2,8
Samneysla	666.999	3,5	2,4	2,3	2,2
Fjármunamyndun	628.415	4,0	-6,5	5,7	4,5
Þ.a. atvinnuvegafjárfesting	398.105	-4,1	-16,5	5,5	4,0
Þ.a. íbúðarhús	121.323	16,2	17,5	7,5	5,0
Þ.a. fjárfesting hins opinbera	108.988	28,3	3,5	3,8	5,2
Birgðabreytingar	10.726	1,0	0,0	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	2.727.975	4,6	-0,3	2,7	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	1.324.447	1,7	-6,0	1,1	2,9
Þ.a. útflutningur sjávarafurða	239.741	11,8	-2,8	1,1	2,0
Þ.a. afurðir álvinnslu	230.132	-1,4	-4,5	3,5	2,0
Þ.a. annar vöruútflutningur	144.219	10,4	5,3	-4,3	2,8
Þ.a. útflutningur þjónustu	710.356	0,4	-9,9	1,5	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	1.240.417	0,8	-6,8	4,3	3,3
Þ.a. innflutningur vöru	776.922	-3,2	-5,8	4,3	3,8
Þ.a. innflutningur þjónustu	463.495	7,9	-8,6	4,4	2,5
Verg landsframleiðsla	2.812.006	4,8	-0,1	1,3	2,8



Yfirlit þjóðhagsspár

Aðrar efnahagsstærðir

		2018	Spá 2019	Spá 2020	Spá 2021
<i>Sem % af VLF</i>					
Fjármunamyndun		22,3	21,9	22,9	23,4
Viðskiptajöfnuður		2,8	3,5	2,4	2,5
Vöru-/þjónustujöfnuður		3,0	3,2	2,2	2,2
<i>Breyting milli ársmeðaltala (%)</i>					
Neysluverð		2,7	3,1	2,6	2,8
Laun		6,5	5,0	4,5	5,3
Íbúðaverð		8,0	3,1	2,8	3,3
Meðalgengi erlendra gjaldmiðla		4,0	8,8	0,3	0,0
Raugengi krónunnar m.v. verðlag		-3,0	-7,6	0,3	0,8
Kaupmáttur launa		3,7	1,8	1,9	2,4
<i>Ársmeðaltal (%)</i>					
Atvinnuleysi (könnun Hagstofu)		2,7	3,6	4,2	3,7
Gengisvísitala krónunnar		166,7	181,4	182,0	182,0
Stýrivextir SBÍ (7 d bundin innlán)		4,3	3,9	3,3	3,7
Langtímanafnvextir (RIKB 25)		5,4	4,1	3,9	4,2
Langtímaraunvextir (HFF 44)		1,8	1,0	0,9	1,2



Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Greiningu Íslandsbanka hf. Upplýsingar í skýrslunni eru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni þeirra, áreiðanleika eða réttmæti. Skoðanir höfundar geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðla. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota.

Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að líta svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is).

Bandaríkin

Skýrslu þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

Kanada

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að líta á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

Önnur lönd

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.

Frekari upplýsingar varðandi efni Greiningar Íslandsbanka má finna á vefsíðunni: www.islandsbanki.is